

## Spjallað við tjaldateiknar

— Jú, yfirleitt er ekki hægt að ganga út frá öðru, a.m.k. í leikhúsum hérlendis, og við verðum að taka tillit til þess.

Setur þetta ykkur ekki þregri skorður?

— Jú, í flestum tilfellum, en þó er það misjafnt. Þetta fer mest eftir því hvernig leikmyndin er unnin, og mín skoðun er sú, að eftir því sem leikmyndin er einfaldari, þjóni hún betur sinum tilgangi og því verki sem hún á við. Þá á ég við að leikmyndin má ekki vera truflandi, enda væri það ekki beint heppilegt ef áhorfendur horfðu frekar á leikmyndina en leikinn sjálfan. Því er best að leikmyndin sé sem einföldust, falli sem best að verkinu og undirstriki inntak hvers leikverks.

Verðið þið varir við viðbrögð áhorfenda við leikmyndinni?

— Það er náttúrulega einstaka snum sem maður heyrir að þessi eða hin leikmyndin hafi líkað betur eða verr, en það er náttúrulega persónulegt mat hvers og eins sem ræður þar um. Ég held að áhorfandinn líti oftast á það hvort honum finnst leikmyndin falleg eða ljót, frekar en hann geri sér grein fyrir því hvort hún falli að því verki sem verið er að leika hverju sinni.

Gunnar Bjarnason við nokkur verka sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

# „Menn staðna og verða andlega afvelta

— ef þeir vita að ekkert nema ellin og dauðinn geta leyst þá frá störfum”

Að undanfögnu hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum, sýning á verkum nokkurra íslenskra leikmynda-teiknara, þar sem meðal annars eru til sýnis frumdrættir að leikmyndum, búningateikningar, leikmunir, grímur, ljósmyndir og jafnvel heil leiktjöld svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndin með þessari sýningu er sú að gefa almenningi tækifæri til að skyggast bak við tjöldin og kynna sér störf og starfssvið leikmynda-teiknaranna og kynnast listgrein þeirra — leikmyndlistinni. Við ræddum nýlega við Gunnar Bjarnason, leikmynda-teiknara, einn aðstandenda sýningarinnar að Kjarvalsstöðum, og fer árangurinn af því spjalli hér á eftir.

Gunnar Bjarnason lærði leikmynda-teiknun við Þjóðleikhúsið, undir handleiðslu Lárusar Ingólfssonar, á árunum 1953-1956, en að því námi loknu hélt hann utan til frekara náms við Konstfackskolan í Stokkhólmi. Í Svíþjóð dvaldi Gunnar í eitt ár, en að loknu námi þar réðst hann til starfa við Þjóðleikhúsið, þar sem hann starfaði fram til ársins 1974. Síðan hefur Gunnar verið svokallaður „free lance” maður og starfað m.a. við leikmynda-teiknara.

fyrir ýmsa aðila. Eins og áður segir hittum við Gunnar að máli fyrir skömmu og var hann fyrst að því spurður hvernig leikmynd yrði til.

### Náð samstarf við leikstjóra

— Það má segja að nær undantekningalaust byrji leikmynda-teiknari að því að lesa verkið yfir og kynna sér það eins vel og frekast er kostur, þannig að leik-

myndin falli sem best að verkinu og hjálpi til við að magna áhrif þess. Maður situr oftast á fyrstu samlestraræfingunum til þess að sjá hvaða stefnu leikstjórinn tekur og hvernig hann hyggst túlka verkið, og í framhaldi af því gerir maður skissur og í flestum tilfellum mól af leikmyndinni.

Færðu þá frjálsar hendur um gerð leikmynda-teiknarinnar?

— Það er mjög misjafnt. Það kemur fyrir að leikstjórinn gefi manni frjálsar hendur, en endanleg gerð leikmynda-teiknarinnar er að sjálfsögðu háð samþykki hans.

Það kemur þá e.t.v. fyrir að leikmynda-teiknarinn þurfi að vinna allt verkið upp á nýtt?

— Það getur komið fyrir, en það kemur þó að því fyrr eða síðar að leikmyndin er samþykkt og venjulega tekur það ekki langan tíma, því að leikmyndin þarf helst að vera tilbúin áður en æfingar hefjast. Á þessu stigi málsins eru leikstjórinn og leikmynda-teiknarinn venjulega búnir að ræða það vel saman að þeir eru komnir niður á alveg ákveðna hluti, þannig að eftirleikurinn er ekki svo erfiður.

### Tækninni hefur fleygt fram

Hefur orðið ör þróun í leikmynda-teikningu á þeim tíma sem þú hefur unnið við leikhúsið?


— Þróunin hefur verið gífurlega ör, sérstaklega nú á síðustu árum, og leiktjöld eru nú sjaldan máluð á þann hefðbundna hátt sem tíðkaðist fyrir 20-30 árum síðan. Mörg gerviefni, s.s. plast o.fl., hafa leyst gömlu leiktjöldin af hólmi og allri tækni hefur fleygt fram á við. Þetta á ekki sist við um ljósateknina, en nú er svo komið að myndvarpar koma mjög oft í stað málaðra baktjalda og svo er um margt fleira sem hefur gjörbreytt hönnun leikmynda á síðari árum.

Hvernig fer fullvinnsla leikmynda-teiknarinnar fram?

— Eins og ég gat um áðan, þá byrjar leikmynda-teiknarinn á því að gera skissur af leikmyndinni, og þegar hún hefur verið samþykkt, gerir hann oftast nær mól af leikmyndinni, sem síðan er unnið eftir. Það er einnig til að einungis séu gerðar vinnuteikningar, beint fyrir smíði, og þá taka leiktjaldasmíðirnir beint við þessum vinnuteikningum. Eftir að búið er að mála leiktjöldin er leikmyndin færð upp á sviðið og lýst, en að því búnu er leikmyndin tilbúin fyrir sýninguna.

### Því einfaldari — því betri leikmynd

Verður leikmynda-teiknarinn ekki að ganga út frá því að leikmyndin taki sem minnst rúm, með tilliti til geymslu?



Mól af leikmyndum sem Gunnar

Texti: Eiríkur